

Reyðarfjarðarkirkja - Þjónusta

Sóknarnefnd



Björn Egilsson	474-1204	formaður
Karen Auðbjörg Kjartansd.	474-1357	ritari
Vilbergur Hjaltason	474-1206	gjaldkeri
Árdís Guðborg Aðalsteinsd.	474-1249	
Ásta Einarasdóttir	474-1472	
Karina Barbara Garska	474-1125	
Jóhann Sæberg Helgason	474-1463	
Rúnar Sigurjónsson	474-1142	
Þorgeir Sæberg	474-1424	
Þorvaldur Jónsson	474-1159	

Starfsfólk

Björn Egilsson	474-1204	kirkjugarðsstjóri
Gillian Haworth	474-1375	organisti
Karen Auðbjörg Kjartansd.	474-1357	umsj.maður safnaðarheimilis
Villy Henriksen	474-1263	meðhjálpari gsm. 847-1147

Leiðbeinendur

Fjóla M. Hrafnkelsdóttir	471-2806
Sigurbjörg Kr. Bóasdóttir	474-1468
Þórdís Árnadóttir	662-5790

Kirkjukórsfélagar

Guðm. Frimann Guðm,ss	474-1240	kórfórmaður
	843-7818	
Þóroddur Helgason	474-1344	ritari
Ketill Hallgrímsson	474-1125	gjaldkeri
Andrea Borgþórsdóttir	474-1619	
Björgvin Valdimarsson	568-1970	
Brynja Sigurjónsdóttir	474-1686	
Dagbjört Lára Ottósdóttir	474-1561	
Elin Jónsdóttir	477-1758	
Guðmundur Bjarnasson	474-1472	
Gunnar Th. Gunnarsson	474-1445	
Hörður Þórhallsson	474-1246	
Íris Edda Thompson	474-1325	
Jórunn Sigurbjörnsdóttir	474-1142	
Lára Björnsdóttir	474-1502	
Ólöf Gísladóttir	895-1479	
Rúnar Sigurjónsson	474-1142	
Sigríður Ólafsdóttir	474-1203	
Sigrún Jóhannesdóttir	474-1129	
Tinna Hrönn Smáradóttir	847-0169	
Þrúður Aðalbj. Gísladóttir	474-1184	

Reyðarfjarðarkirkja - Messuskrá

Janúar:

22. kl. 10:30 Sunnudagaskóli

Febrúar:

5. kl. 10:30 Sunnudagaskóli

12. kl. 14 Fjölskyldumessa

Fimm ára börn heiðruð

19. kl. 10:30 Sunnudagaskóli

Heimsókn frá Fáskrúðsf.

26. kl. 14 Guðsþjónusta

Mars:

4. kl. 10:30 Sunnudagaskóli

11. kl. 14 Æskulýðsmessa - gospel

18. kl. 10:30 Sunnudagaskóli

Heimsókn til Fáskrúðsfj.

25. kl. 14 Guðsþjónusta

Apríl:

1. kl. 10:30 Sunnudagaskóli

5. kl. 13 **Hátíðarmessa - skírdagur**
Ferming

6. kl. 9:00 **Píslarganga—Föstud. langi**
Gengið fá Reyðarf til Eskifj.

8. kl. 14 **Hátíðarguðsþj. - Páskar**

15. kl. 11 **Sunnudagaskólamót -**
Eskifjarðarkirkju

Mái:

27. kl. 10:30 **Hátíðarmessa - Hvítasunna**
Ferming

Sóknarprestur: Davíð Baldursson

Viðtalstímar eftir samkomulagi gsm: 863-2035

Fax: 476-1635 - póstfang: davbal@simnet.is

Héraðsprestur: Hólmgrímur Elís Bragason
gsm: 896-0918 póstfang: holmgrimur@simnet.is

Viðtalstímar miðvikudaga kl. 9-14

Til sóknarfólks Reyðarfjarðarkirkju



Safnaðarstarf Reyðarfjarðarsóknar

Safnaðarblað janúar 2012

Í gær og í dag sá sami og um aldir

Sóknarfólki er óskað gleðilegs árs og farsældar á árinu.

Í fyrirsögn er vísað til helgrar bókar. Þar lýsir postulinn trú sinni og væntingum og segir: *Jesús Kristur er í gær og í dag hinn sami og um aldir.*

Spurningin um hvað nýtt ár beri í skauti sér skoðast af hinum trúaða í ljósi þeirrar samfylgdar. Hún er staðföst og óhaggleleg eins og reynslan kennir. Ást Guðs á brotgjörnum mannum algjör eins og andstyggðin á illu athæfi er algjör.

Gæfa og gjörvileiki er í öllum aðstæðum háð samfylgd og samráði við persónu Jesú Krists, anda hans og málstað. Það eitt stenst tímans tönn, mannleg rök, kennisetningar og athafnir. Því getur postulinn sagt með sannri: Jesús Kristur er í gær og í dag hinn sami og um aldir.

Hvernig verður þetta nýja ár? Verður það farsælt?

Í trausti samfylgd er ávallt bjart framundan. Þar vitjar lifandi von og lausn á hverju viðfangsefni þess eftir leitar.

Breytingar á kirkjustjórn

Umtalsverðar breytingar hafa orðið og verða á stjórnskipan kirkjunnar. Prófastsdæmi landsins hafa t.a.m. verið sameinuð og stækkuð. Múla- og Austfjarðaprófastsdæmi hafa frá 1. nóv. sl. sameinast í eitt, Austurlandsprófastsdæmi. Einnig eru framundan biskupskjör á þessu ári, vígslubiskups á Hólum og Biskups Íslands.

Kirkjuþing hefur samþykkt breytingu á lögum við biskupskjör. Hún felur það m.a. í sér að nú hafa kosningarétt allir sóknarnefndarformenn í umdæmi viðkomandi. Því eru leikmenn (þ.e. þeir sem ekki eru prestsvígðir) fyrsta sinni í meirihluta.

Glaðningur um jól

Rauðikrossinn, kirkjan, Hjálpræðisherinn, kvenfélag Reyðarfjarðar, bæjarfélagið, fyrirtæki og ein-

staklingar studdu sameiginlega öflugt hjálparstarf fyrir jólin og gerðu mörgum jólahátíðina ánægjulegri. Eru samstarfsaðilum og örlátum gefendum færðar hugheilar þakkir.

Velferðarsjóðurinn sem hefur komið mörgum til góða er með kennitöluna.: 520169-4079 og reikningsnúmer: 0166-15-380065

Barna- og unglingastarf

Eftir sameiningu prófastsdæmanna er horft á allt Austurland þegar æskulýðsstarf er skipulagt og er það jákvæð þróun. Meiri samvinna og sterkari hópur starfsmanna sem að málaflokknum koma gerir allt starf öflugra. Sr. Hólmgrímur og sr Þorgeir fræðslufulltrúi á Héraði hafa leitt starfið ásamt sóknarprestum. Í október fóru ungmenni úr æskulýðsfélagi Reyðarfjarðarkirkju á Landsmót þjóðkirkjunnar sem haldið var á Selfossi. Það var stór og fríður hópur sem var til mikils sóma. Unglingarnir ánægðir og nutu sín vel. Á Eskifirði náðist ekki þátttaka á fundi æskulýðsfélagsins en vonir standa til að nú í febrúar komist það starf aftur á flug.

Aframhald verður á starfi Farskóla leiðtogaefna kirkjunnar í samstarfi við Eyjafjarðarprófastsdæmi og Biskupsstofu. Nú þegar hafa tvær fræðslusamverur af þrem verið haldnar á Vestmannsvatni og Eiðum og gengið vonum framár. Í febrúar verður haldið þriðja sameiginlega æskulýðsmót prófastsdæmanna **loka-helgina í febrúar í Hrafnagili og á Akureyri**. Hæfileikakeppni Norðausturlands eða „HÆNA“ verður haldin jafnframt því.

Í vetur hafa leiðtogar útskrifaðir úr Farskóla leiðtogaefna séð um starf fyrir tíu til tólf ára börn eins og áður. Það er ánægjuleg viðbót við kirkjulegt starf.

Í Eskifjarðarkirkju koma TTT-krakkarnir á **fimmtudögum klukkan 17.30**. Í Reyðarfjarðarkirkju hittast TTT krakkarnir á **miðvikudögum klukkan 17.30**. Vetrarstarfinu lýkur síðan með því að krakkarnir sækja TTT-mót Austurlandsprófastsdæmis sem verður haldið **helgina 13.-15. apríl nk. í Kirkjumíðstöðinni við Eiðavatn**.

Árlegt sunnudagaskólamót verður haldið **sunnudaginn 15. apríl í Eskifjarðarkirkju** og er skemmtileg og gefandi uppskeruhátíð barna og starfsmanna sunnudagaskólana. Í ljósi sameiningar prófastsdæmanna má búast við enn stærra móti í ár en verið hefur.

Sunnudagaskólinn

Sunnudagaskólinn hefur hafið starf sitt og er öflugur stuðningur við skírnarfræðslu heimilanna. Foreldrar eru hvattir til þess fylgja börnum sínum í kirkjuna eiga með þeim gefandi samfélag.

Leiðbeinendur eru þær: **Fjóla, Sigurbjörg og Þórdís**. Einnig munu fermingarbörnin hjálpa til og vonandi sem flestir foreldrar.

Stefnt er að sunnudagaskólinn á Fáskrúðs-firði komi í heimsókn þann 19. febrúar nk. og verður tekið vel á móti þeim. Síðan væri sunnudagaskólinn á Fáskrúðsfirði heimsóttur þann 18. mars nk.

Börn, sem verða 5 ára

á árinu verður boðið ásamt foreldrum sínum til guðspjónustu þann **12. febrúar nk**. Munu fermingarbörnin bjóða kirkjugestum upp kaffiveitingar í safnaðarheimilinu á eftir.

Börn sem verða fimm ára á þessu ári:

Elín Eik Guðjónsdóttir, Guðmundur Kári Einþórsson, Heiðís Sara Ásgeirsdóttir, Jakub Cieszynski, Karlotta Björk Andradóttir, Lovísa Lilja Borgþórsdóttir, Magnús Orri Þorgrímsson, Manda Ómarsdóttir, Steinar Óskarsson, Steinunn Jóhanna Snævarsdóttir, Valur Elí Guðmundsson

Kórstarf kirkjunnar

er komið á fullann skrið. Það er því rík ástæða fyrir þá sem vilja reyna fyrir sér í kórsöng að láta af sér vita og slást í hópinn, enda organisti og kór burðarás í menningarlífi á Reyðarfirði og hluti þess góða kjarna, sem stendur að samstarfi kóra á Austurlandi.